

Haust 2024

## Kennsluáætlun

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um grunnhugtök hagfræðinnar. Kannaðar verða helstu kenningar, straumar og stefnur innan fræðigreinarinnar og helstu hagfræðilíkön skoðuð.

### Markmið

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem fræðigreinar
- meginviðfangsefni hagfræðinnar
- mismunandi tegundum hagkerfa
- grunneiningum hagkerfisins
- helstu kenningum hagfræðinnar
- skiptingu hagfræðinnar í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði
- þeim stofnunum sem stjórna stýritækjum hagkerfisins

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum hagfræðinnar á skýran hátt
- taka þátt í einföldum umræðum um hagfræðileg málefni
- nýta sér þekkingu sína við lestur á einföldum hagfræðilegum texta
- beita hagfræðilegum grunnhugtökum og þeim orðaforða sem notaður er í hagfræði

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum hagkerfisins
- geta tjáð skoðanir sínar á skýran og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir samspili hagfræðinnar í samfélaginu

### Námsgögn

Þjóðhagfræði 103. Inga Jóna Jónsdóttir  
Ljósrit og ýmis verkefni frá kennara

## Próf/verkefnaskil:

Áfanganum verður skipt upp í þrjár lotur. Í hverri lotu verða lögð fyrir ýmis skilaverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Lotu lýkur með lotuprófi. Öllum nemendum ber að taka lotuprófin og skila öllum heimaverkefnum tímanlega. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda-/forfallapróf við fyrsta tækifæri í samráði við kennara eða í síðustu kennsluviku annarinnar.

Lögð verður nokkur áhersla á að fylgjast með málefnum líðandi stundar, fréttir skoðaðar og verkefni unnin út frá því.

## Námsmat:

Námsmati er skipt þannig:

Vægi lotuprófa..... 45%

Vægi skilaverkefna..... 55%

-Vinnubókarverkefni 25%

-Önnur skilaverkefni 30%

## Áætlun um yfirferð:

Vikur(dagsetningar):	Efni	Lotur og próf
Lota 1 Vikur 35-36	Kafla 1-Hagfræðin sem fræðigrein Málefni líðandi stundar	
<b>Lota 1 Vikur 37-38</b>	<b>Verðmyndun á markaði Málefni líðandi stundar</b>	
Lota 1 Vikur 39	Hagkerfið og efnahagshringrásin. Málefni líðandi stundar	<b>Lotupróf 1: 30. sept.</b>
Lota 2 Vikur 40-42	Hið opinbera Málefni líðandi stundar	
Lota 2 Vika 43-44	Þjóðhagsreikningar Málefni líðandi stundar	
Lota 2 Vika 45-46	Verðbólga og vísitölur Málefni líðandi stundar	<b>Lotupróf 2: 4.nóv.</b>
Lota 3 Vika 47	Hagvöxtur og hagsveiflur Málefni líðandi stundar- Hagkerfið og umhverfið.	
Lota 3 Vika 48	Atvinnuleysi Málefni líðandi stundar	
Lota 3 Vika 49	Jafnvægi og ójafnvægi í hagkerfinu	<b>Lotupróf 3: 2. des.</b>

Birt með fyrirvara um breytingar.

**Kennari: Ægir Sigurðsson**